

Nd.

446. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Björn Hermannsson tollstjóri, Sigurgeir A. Jónsson og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti, Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmundur Karl Jónsson, forstjóri Friðhafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna og Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi. Þá komu á fund nefndarinnar Hannes Hafstein ráðuneytisstjóri, Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands og Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. des. 1987.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Geir H. Haarde,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Kjartan Jóhannsson.

Guðmundur G. Þórarinnsson.